

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. október 2024

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks (nöfn og skilríki), þskj. 103, 103. mál.

Íslandsdeild Amnesty International vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 19. september 2024, þar sem deildinni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu kynsegin fólks. Þakkar deildin fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið og og ítrekar fyrri afstöðu og athugasemdir þegar sambærilegt frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi.

Íslandsdeild Amnesty International styður frumvarpið heilshugar. Tryggja þarf að börn og fullorðnir með ódæmigerð líffræðileg kyneinkenni njóti mannréttindaverndar, að börn með ódæmigerð kyneinkenni sæti ekki skaðlegum og ónauðsynlegum inngrípum og að trans fólk geti fengið lagalega viðurkenningu á kyni sem byggist á sjálfsákvörðunarrétti. Veita á einstaklingum leyfi til að breyta nafni sínu og kynskráningu lagalega, þar með talið á opinberum gögnum sem útgefin eru af ríkinu, á skjótan, aðgengilegan og gagnsæjan máta og í samræmi við kynvitund einstaklingsins.

Þá telur deildin það, að gera útgáfu skilríkja vegna breytingar á kyn- eða nafnsskráningu í þjóðskrá gjaldfrjálsa vera jákvætt skref í átt að því að gera ferlið aðgengilegt og sanngjarnt.

Íslandsdeild Amnesty International hvetur til þess að lagasetningunni verði komið á sem fyrst. Með því að samþykka umrætt frumvarp myndi Alþingi taka enn eitt skrefið í átt að því að koma Íslandi í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks.

Virðingarfyllt

Anna Lúðvíksdóttir
Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International

